

Tilmæli 10/2024
Tillaga A 1963/UVU
Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndarálit um svar við tilmælum 10/2024 um norræna vídd í samgönguáætlunum landanna (A 1963/UVU)

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að Norðurlandaráð taki til greina svar við tilmælum 10/2024 um norræna vídd í samgönguáætlunum landanna og telji afgreiðslu þeirra *lokið* af hálfu ráðsins.

Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að vinna með auknum og skipulegri hætti að því að hafa áhrif á landsbundnar samgönguáætlanir, og
- að hún útbúi lista yfir helstu stjórnsýslulegu innviðahindranir sem standa í vegi fyrir norrænni samþættingu. Listinn skal endurspeglar hagsmuni íbúa allra norrænu landanna og ólíkra geira. Endurskoða skal listann annað hvert ár.

Svar Norrænu ráðherranefndarinnar

Norræna ráðherranefndin þakkar norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndinni fyrir tilmæli hennar um að vinna með auknum og skipulegri hætti að því að hafa áhrif á landsbundnar samgönguáætlanir og útbúa lista yfir stjórnsýslulegar innviðahindranir.

Þótt löndin séu í dag ekki sammála um að setja á fót formlega ráðherranefnd um samgöngumál undir Norrænu ráðherranefndinni hittast norrænu samgönguráðherrarnir reglulega við ýmis tilefni. Þá hefur Norræna ráðherranefndin einnig átt víðtækt samstarf á sviði samgöngumála, meðal annars í gegnum verkefnið „Græn umskipti í samgöngugeiranum“, sem lauk um áramótin 2024/2025.

MR-SAM úthlutaði 26 milljónum danskra króna til þessa þverfaglega verkefnis á tímabilinu 2021–2024. Auk þess ákvað ÁK-E að leggja til frekari 5 milljónir danskra króna á sama tímabili.



Niðurstöður þessa samstarfs hafa verið teknar saman í rafrænum bæklingi á netinu, með tilheyrandi hlekkjum á myndbönd og tillögur um framtíðarsamstarf Norðurlanda á sviði grænna umskipta í samgöngugeiranum. Nánari upplýsingar um einstök verkefni sem fengu fjármögnun má einnig finna á vef Norræna orkurannsókna.

Í skýrslu sinni „Forsendur fyrir auknu norrænu samstarfi á sviði samgöngu- og innviðamála“ greindi Gunnar Lindberg stöðu mála og tækifæri til þróunar á sviði samgangna og innviða að beiðni norrænu samstarfsráðherranna (MR-SAM) og í samræmi við samkomulag við Norðurlandaráð. Skýrslan var kynnt fyrir Norðurlandaráði og viðeigandi embættismannanefndum á árinu 2024 og hefur einnig verið send til ríkisstjórna Norðurlandanna. Norræna ráðherranefndin fagnar því virka samstarfi sem þróast hefur á undanförunum árum milli norrænu samgönguráðherranna og beinist að brýnum samgöngu- og innviðamálum sem norrænu löndin eiga sameiginleg.

Með hliðsjón af Áætlun um frjálsa för á Norðurlöndum 2025–2030 og umboði Stjórnsýsluhindranaráðsins beinist áhersla Norrænu ráðherranefndarinnar að því að skapa betri forsendur fyrir íbúa Norðurlanda til að flytja, ferðast til og frá vinnu, stunda nám og reka fyrirtæki þvert á landamæri án þess að lenda í stjórnsýsluhindrunum eða öðrum hindrunum fyrir hreyfanleika. Í norrænu samstarfi um afnám stjórnsýsluhindrana eru slíkar hindranir skilgreindar sem „lög, opinberar reglur eða starfsvenjur, sem hefta frjálsa för einstaklinga eða tækifæri fyrirtækja til að starfa þvert á landamæri á Norðurlöndum.“ Þau atriði sem í tillögunni eru kölluð stjórnsýslulegar innviðahindranir teljast því út frá sjónarhorni Norrænu ráðherranefndarinnar ekki til stjórnsýsluhindrana heldur vandamála sem hamla hreyfanleika og samþættingu. Innan starfsráðherranefndarinnar að afnámi stjórnsýsluhindrana er til staðar rótgróið ferli fyrir skráningu og gæðaeftirlit með stjórnsýsluhindrunum og öðrum vandamálum tengdum hreyfanleika. Því telur Norræna ráðherranefndin ekki þjóna tilgangi að koma á fót nýju samhliða kerfi með sérstakri skrá yfir innviðatengd vandamál sem varða hreyfanleika.

Þar sem umboð skortir og löndin hafa ekki falið Norrænu ráðherranefndinni það verkefni að útbúa lista eins og þann sem lagður er til, auk þess sem slíkt er ekki talið þjóna tilgangi, telur Norræna ráðherranefndin ekki unnt að verða við tilmælunum.

Sjónarmið nefndarinnar

Norræna ráðherranefndin hefur svarað tilmælum 10/2024 um norræna vídd í samgönguáætlunum landanna. Tilmælin samanstanda af tveimur tillöguliðum og varðandi þann fyrri, um að vinna með auknum og skipulegri hætti að því að hafa áhrif á landsbundnar samgönguáætlanir segir ráðherranefndin að viðtækt samstarf hafi átt sér stað í tengslum við samgöngumál, m.a. í gegnum hið þverfaglega verkefni „Græn umskipti í samgöngugeiranum“ sem lauk um áramótin 2024/2025. Niðurstöður þessa samstarfs hafa verið teknar saman í rafrænum bæklingi á netinu, með tilheyrandi



hlekkjum á myndbönd og tillögur um framtíðarsamstarf Norðurlanda á sviði grænna umskipta í samgöngugeiranum.

Í skýrslunni „Forsendur fyrir auknu norrænu samstarfi á sviði samgöngu- og innviðamála“ var staða mála og tækifæri til þróunar á sviði samgöngumála og innviða greind. Norræna ráðherranefndin fagnar því virka samstarfi sem þróast hefur á undanförunum árum milli norrænu samgönguráðherranna og beinist að brýnum samgöngu- og innviðamálum sem norrænu löndin eiga sameiginleg.

Að mati nefndarinnar lýsir svarið vel því starfi sem átt hefur sér stað á þessu sviði en veitir engar upplýsingar um næstu skref að hvað fyrirhugað sé í framtíðinni.

Síðari tillöguliðurinn fjallar um að útbúa lista yfir stjórnsýslulegar innviðahindranir. Að mati Norræna ráðherranefndarinnar telst það sem í tilmælunum er nefnt stjórnsýslulegar innviðahindranir ekki til stjórnsýsluhindrana heldur vandamála sem hamla hreyfanleika og samþættingu. Innan starfs ráðherranefndarinnar að afnámi stjórnsýsluhindrana er til staðar rótgróið ferli fyrir skráningu og gæðaeftirlit með stjórnsýsluhindrunum og öðrum vandamálum tengdum hreyfanleika. Því telur Norræna ráðherranefndin ekki þjóna tilgangi að koma á fót nýju samhliða kerfi með sérstakri skrá yfir innviðatengd vandamál sem varða hreyfanleika.

Í svarinu er vísað til gagnagrunnsins um stjórnsýsluhindranir sem fyrirhugað er að fasa út og er ekki lengur uppfærður. Vinnur ráðherranefndin að nýjum gagnagrunni? Sé svo þarf að skilgreina stjórnsýsluhindranir upp á nýtt þannig að þær ná til hindrana sem tengjast hreyfanleika því þær hamla einnig frjálsri för á Norðurlöndum.

Í ljósi þessa leggur nefndin til að Norðurlandaráð færi svarið til bókar og líti svo á að tilmælin séu endanlega afgreidd af hálfu ráðsins.

Helsinki, 31. mars 2025

Gunilla Carlsson (S)

Kim Aas (S)

Mirja Räihä, (S)

Ragnhild Male Hartviksen (A)

Kjell-Arne Ottosson (KD)

Johan Dahl (sb)

Liz Mattsson (ÅC)

Markku Siponen (C)

Ann-Sofie Alm (M)

Lars Püß (M)

Liv Kari Eskeland (H)

Ann-Christine Frohm (SD)

Liljan Weihe, (T)

Silje Hjemdal (FrP)